

16. júní 2021

# Heildarstefnumótun og innleiðing heimsmarkmiða

Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs

Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnslusviðs



Hafnarfjörður

# Hver er staða stefnumörkunar í dag?

- Á vefsíðu Hafnarfjarðar eru taldar upp 16 aðskildar stefnur.
- Þar við bætist Aðalskipulag og fjölmargar reglur og samþykktir.
- Margar af þessum stefnum þarfnast endurskoðunar og/eða runnar út á tíma.
- Farið var í ítarlega stjórnsýsluúttekt 2018-2019 sem leiddi til nýrrar markmiðssetningar í stjórnsýslu og þjónustu.
- Unnin var markaðsstefnumótun árið 2019 með ítarlegri greiningu og skýrslu.

[Ferðamálastefna](#) (2012)

[Forvarnarstefna](#) (2008)

[Fjölskyldustefna](#) (2012)

[Heilsustefna](#) (2016)

[Húsnæðisáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2019-2026](#) (2018)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna](#) (2017)

[Jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2019-2023](#) (2017)

[Mannauðsstefna](#) (2016)

[Menningarstefna](#) (2004)

[Skólastefna](#) (2009)

[Umhverfis- og auðlindastefna](#) (2018)

[Upplýsingastefna 2016-2020](#) (2016)

[Vefstefna Hafnarfjarðarbæjar](#) (2014)

[Framkvæmdaáætlun í barnavernd](#) (2012)

[Persónuverndarstefna Hafnarfjarðarkaupstaðar](#) (2018)

[Skjalastefna Hafnarfjarðarkaupstaðar](#) (2020)



# Hvers vegna fara út í heildarstefnumótun?

- Skuldbinding Íslands um innleiðingu heimsmarkmiða SP verður ekki uppfyllt án beinnar þátttöku sveitarfélaga.
- Heildarstefnumörkun fyrir Hafnarfjarðarbæ hefur aldrei farið fram.
- Hefur sett stefnumótun í ýmsum málaflokkum í biðstöðu.
- Hafnarfjörður er eitt stærsta sveitarfélag landsins með ríka áherslu á heilsuefningu, menntun og umhverfismál.
- Hafnarfjörður á að vera forystusveitarfélag á þessu sviði.



# Hvað felst í heildarstefnumótun?

- Skapa heildarsýn fyrir bæinn til langs tíma (t.d. 10 ára) sem er óháð kjörtímabilum og flokkspólitískum áherslum.
- Stýrt af kjörnum fulltrúum allra flokka með þátttöku og stuðningi íbúa, atvinnulífs og starfsfólks bæjarins.
- Leiðarvísir og yfirmarkmið sem önnur stefnumörkun bæjarins fellur undir.
- Innleiðing heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun samfélags, umhverfis og efnahags.
- Þegar hefur verið unnin stjórnsýsluúttekt og markaðsstefnumótun sem nýta má til þess að útvíkka og byggja ofan á.





# Hvernig fer ferlið fram?

- Ferlið getur verið eitthvað á þessa leið:
  1. Almenn gagnaöflun
  2. Samráð og stöðumat
    - Viðtöl við kjörna fulltrúa, stjórnendur og starfsmenn
    - Vinnustofur með starfsfólki
    - Samráð við atvinnulíf og íbúa
  3. Mótun meginlínu stefnu og áherslna
    - Úrvinnsla stýrihóps kjörinna fulltrúa
    - Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
  4. Mótun mælanlegra markmiða
  5. Uppsetning nýrrar stefnu



# Markmið með stefnumótun



Hvert

## FRAMTÍÐARSÝN

... í Hafnarfirði eru **skólar í fremstu röð** og vel hugað að líðan, heilsu og velferð íbúa á öllum aldri ...



Einn hluti af **framτίðarsýn** gæti talað inn í skólakerfið, yfirlýsingin sem hér kæmi fram væri hluti af lengri og huglægri yfirlýsingu sem markar langtímasýn og er nauðsynleg til þess að taka ákvarðanir um áherslur og markmið. Dæmi hér er að hafa skóla í fremstu röð? Hvað þýðir það?

## MEGINMARKMIÐ

Tryggja skal **öllum jafnan aðgang** að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.



Framtíðarsýnin er notuð til þess að afmarka **meginmarkmið** í sértækari málum. Hér kæmi t.d. fram sú sýn að til að hafa skóla í fremstu röð þyrfti að tryggja öllum jafnan aðgang að menntun. Þetta væri eingöngu eitt af fleiri meginmarkmiðum sem gætu varðað menntun og fræðslu.

Hvað

## ÁHERSLA

Stuðlað verði að jákvæðri aðlögun íbúa með **annað móðurmál en íslensku** í Hafnarfirði.



Þegar meginmarkmiðin liggja fyrir tekur við árlegt ferli sem væri hægt að tengja fjárhagsáætlun. Nefndir og ráð myndu nota stefnuna til að marka áherslur og sýna þannig vilja sinn á hverjum tíma. Meginmarkmiðin eru þannig notuð til að móta svokallaðar **áherslur** (e. initiatives). Segjum sé svo að það sé mat kjörinna fulltrúa að það halli á tækifæri þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku. Það liggur fyrir meginmarkmið um að allir eigi að hafa jafnan aðgang að menntun og í ljósi þess gæti orðið til áhersla sem tali inn í þennan hóp íbúa og á grunni þess er hægt að móta markmið og aðgerðir. Þetta væri e.t.v. eingöngu ein af fleiri áherslum sem gætu átt skírskotun inn í sama meginmarkmiðið.

## MARKMIÐ

Fyrir árslok 2024 verði jákvæð aukning í þróun árangurs í námi á samræmdu prófi í íslensku um a.m.k. **10% meðal nemenda** með annað móðurmál en íslensku.

Tilbúið dæmi

Hvernig

## AÐGERÐ

## Aðgerð

Aukin úthlutun kennslustunda til nemenda með annað móðurmál en íslensku.

## Fjármögnun

2022	2023	2024
XX m.kr.	XX m.kr.	XX m.kr.



Mögulega ein af mörgum aðgerðum sem hægt væri að móta til að styðja við áhersluna. Hægt verði að fylgjast með árangri með markmiðum og endurmeta á hverju ári bæði **aðgerðina** sjálfa og stilla af fjármögnun. Þegar áherslur breytast svo þá breytast aðgerðir og fjármagni er forgangsraðað á ný.

## STARFSÁÆTLANIR

## Aðgerð

Haldin verði vinavika til að brúa bil á milli ólíkra menningarheima og hvetja til samskipta og vinskapar

## Fjármögnun

Engin sérstök fjárveiting



Til að innleiða stefnukerfið alls staðar innan bæjarfélagsins mætti sjá fyrir sér að hver stofnun skili inn starfsáætlun sem tali inn í markmið og áherslur hverju sinni. Þannig mætti sjá fyrir sér að það sé ekki eingöngu miðlæggar aðgerðir sem skili árangri heldur yrði hverri stofnun gert að skila inn eigin áætlun sem tali inn í stefnuna. Þannig gæti stefnan stutt við **sjálfsprottin verkefni** víða.



Hafnarfjörður

# Tengsl við heimsmarkmið

Tengt við yfirmarkmið

MEGINMARKMIÐ

Tryggja skal **öllum jafnan aðgang** að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.



Tengt við undirmarkmið

ÁHERSLA

Stuðlað verði að jákvæðri aðlögun íbúa með **annað móðurmál en íslensku** í Hafnarfirði.



HM 4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.

HM 4.6 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og stór hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tókum á lestri og skrift og öðlast talnaskilning.

HM 10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

BS 32.2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tólmstundaiðju.





# Hvenær er best að fara í stefnumótun?



- Heildarstefnumótun er stýrt af kjörnum fulltrúum með breiðri þátttöku allra stjórn málaafla sem eiga bæjarfulltrúa.
- Því er æskilegt að kjörnir fulltrúar hafi náð að afla sér reynslu og innsýnar í hin ólíku mál á vettvangi bæjarins.
- Síðari hluti kjörtímabils er því æskilegur tími til stefnumótunar í ljósi reglulegrar endurnýjunar í kosningum.



# Tillaga að næstu skrefum og tímasetningu

- Áætlað er að stefnumótun taki um 5-7 mánuði.
- Ef verkefnið hefst í haust má áætla að langtímastefna geti legið fyrir um áramót eða snemma á næsta ári.
- Í framhaldinu yrði stefnan innleidd og tengd starfsemi og rekstri bæjarins, þ.m.t. fjárhagsáætlanuferli.
- Mikilvægt að hafa í huga að heildarstefnumótun og innleiðing hennar er langt ferli sem krefst skuldbindingar og stuðnings bæði kjörinna fulltrúa og starfsfólks bæjarins.





# Heildarstefnumótun og innleiðing heimsmarkmiða

Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs

Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnslusviðs



Hafnarfjörður